

nefndarsvið@althingi.is


Reykjavík þann 10. maí 2016

Athugasemd við Þingskjal 1103 — 675. mál um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008

Almennt fagna ég því að ráðherra hafi séð ástæðu til að endurskoða lög um grunnskóla og ýmsar áherslur sem koma fram í þessu frumvarpi sem eru skref í rétta átt.

Ég geri hins vegar athugasemd við 6. grein frumvarpsins (43. gr. laga um grunnskóla) þar sem fjallað er um fjárframlög sveitarfélaga til sjálfstætt starfandi skóla. Eins og Samtök sjálfstætt starfandi skóla hafa sent frá sér athugasemd um sama mál, þá ber mér að gera athugasemd við þennan texta þar sem ennþá er inni í frumvarpi ójöfnuður eða misrétti gagnvart fólki sem vegna efnahags getur ekki valið að senda börnin sín í sjálfstætt starfandi grunnskóla þar sem skólagjöldin hreinlega eru of há. Ég vona að þið endurskoði þetta í frumvarpinu og sjáið ykkur fært að hækka framlag sveitarfélaga úr 75% upp í 90%.

Með góðri kveðju,



Frode F. Jakobsen
Hólmgarði 26
108 Reykjavík